

Jesaja 62 alþjóðlegur 21-dagur bænna og föstu (7-28. maí 2023)

Gakktu til liðs við yfir 1 milljón trúaðra sem munu taka þátt í bæn fyrir Ísrael í að minnsta kosti **1 klukkustund á dag í 21 dag** (7-28. maí) fyrir aukningu á hjálpræðis loforðum og áætlunum Guðs fyrir Jerúsalem og Ísrael. Sumir munu biðja einir en aðrir munu biðja með 2 eða fleiri (Mt. 18:20) – á netinu eða í eigin persónu – á heimili sínu, skrifstofu, heimavist eða í kirkjunni þeirra o.s.frv.

Samstarf nokkurra þúsunda þjónusta – þar á meðal Lou Engle, Jason Hubbard, Mike Bickle – hafa þegar virkjað vel yfir **eina milljón trúaðra** til að taka þátt í **alþjóðlegri hátíðarsamkomu** (7-28. maí), til að fasta á ýmsan hátt og biðja fyrir tilgangi Drottins fyrir Ísrael. Við biðjum Hann um að reisa upp 100 milljónir fyrirbænaaðila fyrir Ísrael. Guð lofaði að skipa þá sem munu ekki vera hljóðir þar til Jesús kemur aftur - þ.e., þá sem eru fæddir í þeirri kynslóð sem sér Hann koma aftur!

⁶ **Ég hef skipað varðmenn yfir múra þína, Jerúsalem. Þeir skulu aldrei þegja, hvorki um daga né nætur. Þér** [fyrirbiðjendur] **sem minnið Drottin á** [loforð Hans], **unnið yður engrar hvíldar;** ⁷ **Ljáið Honum engrar hvíldar, uns Hann reisir Jerúsalem og gjörir hana vegsamlega á jörðinni** [sem gerist þegar við endurkomu Jesú]. (Jes. 62:6-7)

Á fyrstu 3 vikunum eftir að tilkynnt var um þessa föstu þann 7 mars, höfðu yfir **1 milljón** manns ákveðið að taka þátt með ýmsum hætti. Fyrir 7 maí munu meira en **1 milljón** manns taka þátt í þessari 21 daga föstu með ýmsum hætti (sumir fasta á vatni, sumir á grænmeti eða safu, aðrir munu borða eina máltíð á dag eða “fasta á fjölmiðla” á meðan þeir biðja Guð um að leysa út Sína dýrð (EX. 33:18). Hægt er að setja inn efni á þessa nýju vefsíðu- [Isaiah62Fast.com](https://www.isaiah62fast.com) til að ná til nýs fólks á meðan á föstunni stendur. Milljónir manna munu sjá vefsíðuna sem er ekki ætluð fyrir IHOP heldur sem samstarfsvettvangur margra aðila. [Isaiah62Fast.com](https://www.isaiah62fast.com) vefsíðan lyftir fram kirkjum, þjónustum, Biblíu kennsluhópum, unglingshópum o.s.frv. sem þrá að vera “HUB” (miðstöð) sem útvegar efni fyrir aðra sem finna það á [Isaiah62Fast.com](https://www.isaiah62fast.com). Ef þú vilt skrá upplýsingar um kirkjuna þína eða samtök á [Isaiah62Fast.com](https://www.isaiah62fast.com), ýttu þá á linkinn fyrir meiri upplýsingar.

IHOPKC bænaherbergið er skuldbundið til að lofsyngja og biðja stanslaust 24/7 í 3 vikur (7-28. maí) fyrir Ísrael. Yfir 300 starfsmenn IHOPKC í fullu starfi hafa persónulega skuldbundið sig til að vera í bænaherberginu okkar í **6-12 tíma á dag alla 21 daganna**. Ég er þakklátur fyrir viðbrögð þeirra að leggja til hlíðar margar af eðlilegum skyldum sínum til að gera þetta! IHOPKC bænaherbergið er aðeins einn af **mörgum HUB’s** sem taka þátt í þessu. Fyrir frekari upplýsingar um það hvernig kirkjan þín eða þjónusta getur orðið HUB sjá [Isaiah62Fast.com](https://www.isaiah62fast.com) eða **Jesaja 62 Fast Facebook síðuna** (<https://rb.gy/8orcjip>).

[Isaiah62Fast.com](https://www.isaiah62fast.com) tekur ekki neina **trúfræðilega afstöðu** heldur kallar á trúaða úr öllum áttum til að taka þátt.

Af hverju 100 milljónir?

Í mörg ár hefur Drottinn gefið ýmsu fólki töluna **100 milljónir fyrirbiðjendur** fyrir Ísrael á ýmsan hátt.

Eric Watt, Jason Hubbard (IPC) og teymi hafa heimsótt IHOPKC nokkrum sinnum undanfarin ár.

Þeir eru fulltrúar fyrir og hafa reglulega samskipti við, leiðtoga sem hafa umsjón með **5.000+ bænnetum sem samanlagt innihalda 130 milljónir trúaðra** (í fyrstu fannst mér erfitt að trúa þessum tölum). Í nýlegri heimsókn sinni (des. 2022) sögðu þeir frá því að leiðtogar þessara 5.000+ bænana og 130 milljónir fyrirbæna sem tengjast þeim, muni standa saman, til að biðja fyrir sama svæði jarðar, **4 sinnum árið 2023** í alþjóðlegu trúboðs verkefni sem nefnist **110cities.com**. Ég á varla til orð þar sem ég lít svo á að þetta sé í **fyrsta skipti í sögunni** sem yfir 100 milljónir trúaðra munu biðja fyrir sama landfræðilega svæðinu, saman á sama degi, 4 sinnum á einu ári (sjá Jóh. 17:21-23).

Þessar 100 milljónir báðu fyrir **Kína** 22. janúar 2023. Þeir munu biðja fyrir **Mið-Austurlöndum** 17. apríl, fyrir **Ísrael 28. maí** og fyrir **Indlandi** 31. október. Þessar 100 milljónir trúaðra eru mjög skuldbundnir Jesú og boðun fagnaðarerindisins, en mörg þeirra eru enn ekki tengd biblíulegum tilgangi Drottins með Ísrael.

Í einn dag (28. maí) munu þessar 100 milljónir biðja fyrir Ísrael eins og þær gerðu fyrir Kína þann 22. janúar. Í 21 dag fram að 28. maí, munu **1 milljón+** fyrirbiðjendur fasta og biðja „*Heilagan anda að leggja fyrirsát*“ fyrir þá með því að merkja hjörtu þessara 100 milljóna fyrir Hans tilgang fyrir Ísrael.

HVERS VEGNA VIRÐUM VIÐ ÞAÐ SVO MIKILS AÐ BIÐJA FYRIR JERÚSALEM OG ÍSRAEL?

Þjóðariðrun Ísraels (Post 3:19) og játning um að Jesús sé Messías (Mt. 23:39) er djúpt tengd endurkomu Jesú, boðun fagnaðarerindisins, og “lífi frá dauðum” fyrir alla jörðina (Róm. 11:15).

Jesús mun ekki snúa aftur fyrr en leiðtogarnir í Jerúsalem viðurkenna hann sem Messías samkvæmt Sálmi 118:26.

37” Jerúsalem...³⁹ Héðan af munuð þér ekki sjá Mig [tilvisun til endurkomu Jesú] fyrr en þér segir: Blessaður sé Sá [Jesús] sem kemur, í nafni Drottins [og þannig viðurkenna hann sem Messías - Sálmur 118 :26]. (Mt. 23:37-39)

19 Gjörð því iðrun og snúð yður, að syndir yðar [Ísraels] verði afmáðar...

20 og Hann mun senda Krist...²¹ Hann á að vera í himninum [varðveittur við hægri hönd föðurins] allt til þess tíma, þegar Guð endurreisir alla hluti, eins og Hann hefur sagt fyrir munn Sinna heilögu spámanna. (Post 3:19-21)

Þáll kenndi að Guð myndi nota heiðingja sem tækju trú, til að ögra Ísrael til að taka við Jesú á síðustu tímum.

11 ... til þess að það skyldi vekja þá [Ísrael] til afbrýði, heiðingjum hefur öðlast hjálpræðið...¹³ Ég vegsama þjónustu mína,¹⁴ Ég gæti ef til vill vakið einhverja afbrýði hjá ættmönnum mínum [Ísrael]...¹⁵ Því ef það varð sáttargjörð fyrir heiminn, að þeim [Ísrael] var hafnað, hvað verður þá upptaka þeirra [Ísraels] annað en líf af dauðum? [blessun fyrir alla jörðina]? (Róm. 11:11-15)

Við trúum því að þessi 21 daga **alþjóðlega Jesaja 62 fasta** muni verða hvati til að hraða biblíulegu samtali um Ísrael í líkama Krists um allan heim á þessari stundu. Þessari föstu lýkur hvítasunnudaginn 28. maí. Á þessum degi, munu 100 milljónir trúaðra biðja fyrir Ísrael saman, til að bregðast við kalli Guðs í gegnum Jason Hubbard, Eric Watt og “110 borgir” teymið til að virkja þá með þessum hætti 4 sinnum árið 2023.

Sjá **110 Cities.com** - þann 17. apríl munu þessar sömu 100 milljónir trúaðra biðja fyrir öllum Miðausturlöndum.

Þetta mun vera í **fyrsta skipti í sögunni** sem nokkrar milljónir munu biðja **a.m.k einn tíma á dag í 21 dag** fyrir fyrirheitum Guðs fyrir Ísrael. Sérstaða þessa bænaframtaks er í sjálfu sér tímanna ták og hröðun á **“settum tíma Guðs fyrir kynslóð sem enn á eftir að skapa”** til að taka þátt í tilgangi hans fyrir Ísrael (Sálm. 102:14, 19).

14 Þú munt... miskunna Síon [Jerúsalem]; tíminn til að líkna henni, já, stundin er komin...¹⁹ Þetta skal skráð fyrir komandi kynslóð, að þjóð, sem enn er ósköpuð skal lofa Drottinn (Sálm. 102:14-19).

Þessi 21 daga fasta er **“alþjóðlegt Ester augnablik”** (Est. 4:14-16) sem mun vera umtalsverð niðurgreiðsla fyrir endanlegt alþjóðlegt Ester augnablik þegar milljónir trúaðra munu taka þátt í bæn, tala djarflega fyrir tilgangi Guðs fyrir Ísrael (eins og sést í Ritningunni), og standa með Ísrael, því að gyðingahatur eykst þar til Jesús kemur aftur (Sak. 14:1-5). Þessi fasta er einnig mikilvæg í dag, þar sem Ísrael stendur frammi fyrir nokkrum mjög mikilvægum átökum.

14 Því þótt svo færi, að þú þegðir [brygðist ekki við] nú, þá mun Gyðingum samt koma frelsun og hjálp úr einhverjum öðrum stað...Hver veit nema þú sért til ríkis komin einmitt vegna þessara tíma!

15 Þá lét Ester skila aftur til Mordekai:¹⁶ Far þú og kalla saman alla Gyðinga...og fastið mín vegna.” (Est. 4:14-16)

Við erum svo þakklát fyrir *Tom og Kate Hess* sem hafa stýrt *bænahúsinu* í Jerúsalem í 36 ár [**jhopfan.org**] og fyrir *Rick og Patricia Ridings* sem hafa stýrt *Succat Hallel* í Jerúsalem í næstum 20 ár [**succathalle.com**] sem og aðrar bænaþjónustur sem hafa verið stofnaðar á síðustu 20+ árum til að biðja reglulega fyrir Ísrael.

Í þessari föstu upphefjum við yfirburði Jesú og einbeitem okkur að tengingu blessunar Guðs á Jerúsalem við uppfyllingu boðunar fagnaðarerindisins. Við getum gert svo miklu meira saman í “anda Jóhannesar 17:21-23” einingu.

Sæktu ókeypis stafræna bók **Moravian Miracle** eftir Jason Hubbard sem segir ótrúlega sögu **Zinzendorf greifa** sem sameinaði 24/7 bæn (sem hélt áfram í 100 ár) með fyrstu mótmælenda trúboðs hreyfingunni í sögunni. Finndu þessa PDF bók á **Isaiah62Fast.com** eða horfðu á sögu hans á YouTube “Zinzendorf the Rich Young Ruler”.